

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 106. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 5. júlí 2012 kl. 10:30

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Fræðslunefndar frá 22.06.2012:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28.06.2012:
4. Breyting á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022:
5. Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu:
6. Kaupsamningur vegna Hólavegar 9:

#### **Til kynningar:**

- a) Fundargerð 144. fundar HNE:
- b) Fundargerð 230. og 231. fundar stjórnar Eypings:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Eiður Jónsson í forföllum Friðriku Sigurgeirsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 7. lið; erindi frá fjallskilastjóra í Tungudeild, undir 8. lið; umsókn um stofnun lögbýlis, undir 9. lið; erindi frá Huldu Björgu Kristjánsdóttur og Brynjólfi H. Magnússyni, undir 10. lið; ályktun um löggæslu í Pingeyjarsýslum og til kynningar, fundargerð 789. fundar stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga.  
Samþykkt samhljóða.

## 2. Fundargerð Fræðslunefndar frá 22.06.2012:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 22. júní 2012. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni. Varðandi 1. lið; ráðning aðstoðarskólalastjóra frá 1. ágúst 2012 við starfsstöð í Hafralækjarskóla, var Signýu Ormarsdóttur boðið starfið sem hún afþakkaði. Árni Pétur Hilmarsson hefur verið ráðinn aðstoðarskólalastjóri. Varðandi 4. lið; nafn á sameinaðan skóla, tillögur úr hugmyndasamkeppni, samþykkir sveitarstjórn nafnið *Pingeyjarskóli* sem nafn á sameinaðan skóla.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti. Árni Pétur Hilmarsson tók ekki þátt í afgreiðslu fundargerðar.

## 3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28.06.2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28. júní 2012. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir samkvæmt tillögu nefndarinnar 1. til 8. lið. Varðandi 9. lið; önnur mál, þar sem nefndin vekur athygli á því vandamáli sem skapast hefur með útbreiðslu skógarkerfils víða í sveitarfélaginu, er sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um eyðingu skógarkerfils og útbreiðslu hans í sveitarfélaginu.

## 4. Breyting á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022:

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar viðauka við eftirfarandi kafla í grein 4.8.2 *Starfsemi á landbúnaðarsvæðum*, annars vegar við „Frístundahús“ og hins vegar við „Íbúðarhús“.

### *Grein 4.8.2 Starfsemi á landbúnaðarsvæði*

Gert er ráð fyrir að helsti atvinnuvegur í sveitinni verði áfram landbúnaður. Það er hins vegar eitt meginmarkmið aðalskipulagsins að skapa góð skilyrði til þess að ýmis konar starfsemi geti þróast á landbúnaðarsvæðum, án þess að nauðsynlegt verði að skilgreina aðra landbúnaðarflokka. Um er að ræða starfsemi sem nýtir auðlindir og kosti svæðisins m.a. í afþreyingu og ferða þjónustu og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir:

#### „Frístundahús“

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimilt að afmarka lóðir og reisa frístundahús á landbúnaðarsvæðum þar sem aðstæður leyfa. Allt að þrjú frístundahús á hverju núverandi lögbýli. (Fleiri frístundahús en þrjú skulu aðeins vera á svæðum sem skilgreind eru sérstaklega fyrir frístundabyggð).

#### *Tillaga að viðauka:*

*Sama máli gegnir um ný lögbýli stærri en 15 ha sem stofnuð verða eftir löggildingu aðalskipulagsins. Allt að þrjú hús á hverju lögbýli, þar sem aðstæður leyfa. Gott ræktunarland skal ekki nýta undir frístundahús/byggð, nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til þess.*

#### „Íbúðarhús“

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimilt að afmarka lóðir og reisa íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum þó að þau tengist ekki búrekstri þar sem aðstæður leyfa. Allt að þrjú íbúðarhús á hverju núverandi lögbýli. (Íbúðarbyggð með fleiri en þremur íbúðarhúsum skal aðeins vera á skilgreindum íbúðarsvæðum).

*Tillaga að viðauka:*

*Sama máli gegnir um ný lögbýli stærri en 15 ha sem stofnuð verða eftir löggildingu aðalskipulagsins. Allt að þrjú íbúðarhús á hverju lögbýli auk þeirra landbúnaðarbygginga sem tengjast búrekstri á lögbýlinu.*

Sveitarstjórn samþykkir tillögurnar að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 ásamt greinargerð og felur sveitarstjóra að senda breytingatillögurnar til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

#### **5. Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu:**

Tekin fyrir að nýju drög að reglugerð um verndun Mývatns og Laxár dags. 22. júní 2012. Í breyttum drögum hefur að hluta til verið tekið tillit til athugasemda sveitarstjórnarmanna á svæðinu. Sveitarstjórn gerir þó eftirfarandi athugasemdir við 11. gr. reglugerðarinnar, *Veiðar á tegundum sem hafa skaðleg áhrif*, þar sem segir:

„Umhverfisstofnun skal vinna í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sérstaka aðgerðaráætlun um veiðar á tegundum sem geta haft skaðleg áhrif á verndarstöðu fuglalífs á verndarsvæðinu. Áætlunin skal unnin í samráði við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn, Náttúrufræðistofnun Íslands og umráðamenn landareigna sem ekki eru í ríkiseigu, og með hliðsjón af niðurstöðum viðeigandi rannsókna á svæðinu. Aðgerðaráætlunin skal vera tímabundin og skal endurskoða hana a.m.k. samhliða verndaráætlun og ætíð ef forsendur aðgerðaráætlunarinnar breytast. Aðgerðaráætlunarinnar skal ætíð getið í verndaráætlun“.

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að nefnd aðgerðaráætlun liggi fyrir áður en reglugerðin verði staðfest. Einnig telur sveitarstjórn nauðsynlegt að skýrar sé kveðið á um vargeyðingu í 9. gr. reglugerðarinnar, *Takmörkun á veiðum á verndarsvæðinu*, þar sem segir:

„Óheimilt er að skjóta endur á verndarsvæðinu og gildir bannið jafnt um allar tegundir. Ekki er um að ræða aðrar sérstakar takmarkanir á veiðum á grundvelli verndunar svæðisins, sbr. 10. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og fer um veiðar að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994 og reglugerða settra á grundvelli laganna“.

Að öðru leyti vísar sveitarstjórn til fyrri athugasemda sem ekki hefur verið tekið tillit til í breyttum drögum.

#### **6. Kaupsamningur vegna Hólavegar 9:**

Lagður fram kaupsamningur vegna Hólavegar 9, dags. 19. júní 2012.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir sölu og undirritun kaupsamnings vegna Hólavegar 9.

Kaupsamningi vísað til viðauka við fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.

#### **7. Erindi frá fjallskilastjóra í Tungudeild:**

Tekið fyrir erindi frá Þórhalli Hermannssyni, fjallskilastjóra í Tungudeild dags. 3. júlí 2012 um grisjun fjárrekstrar- og reiðleiðar í gegnum Tunguskóg á Bleiksmýrardal. Óskað er eftir að sveitarfélagið kosti þá grisjun sem nauðsynleg er til að þessi leið verði aftur fær sem fjárrekstrar- og reiðleið fyrir gangnamenn í haust.

Sveitarstjórn samþykkir kr. 200.000 til verkefnisins samkvæmt fjárhagsáætlun.

**8. Umsókn um stofnun lögbýlis, Stekkjarhóls:**

Tekin fyrir umsókn frá Hallfríði Jónasdóttur dags. 4. júlí 2012 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna stofnunar lögbýlis á jörðinni Stekkjarhóli í Reykjadal, alls 105,7 ha.

Einnig lagður fram uppdráttur af jörðinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lögbýlis sbr. 17. gr. laga nr. 81/2004.

**9. Erindi frá Huldu Björgu Kristjánsdóttur og Brynjólfi H. Magnússyni:**

Tekið fyrir erindi frá Huldu Björgu Kristjánsdóttur og Brynjólfi H. Magnússyni dags. 3. júlí þar sem óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar á nafninu *Selá* á húseign þeirra, fasteignin 232-1284 og lóð 217193 í fasteignaskrá.

Sveitarstjórn samþykkir nafngiftina fyrir sitt leyti.

**10. Ályktun varðandi löggæslu í Þingeyjarsýslum:**

Sveitarstjórn Þingeyjarsveit lýsir áhyggjum sínum um þá alvarlegu stöðu sem uppi er í löggæslumálum í Þingeyjarsýslum, landfræðilega stærsta lögregluumdæmi landsins og tekur undir ályktanir og bókanir sveitarstjórnar Skútustaðahrepps dags. 26.06.2012 og Norðurþings dags. 19.06.2012.

***Til kynningar:***

- c) Fundargerð 144. fundar HNE:
- d) Fundargerð 230. og 231. fundar stjórnar Eyþings:
- e) Fundargerð 789. fundar stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga:

---

Ólína Arnkelsdóttir

---

Arnór Benónýsson

---

Margrét Bjarnadóttir

---

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

---

Árni Pétur Hilmarsson

---

Eiður Jónsson

---

Ásvaldur Ævar Þormóðsson